



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURDUR

13. febrúar 2009

Mál nr. Y-12/2007:

Sóknaraðili: Helgason og Co ehf.

(Gummar Jóhannsson hdl.)

Varnaraðili: Tollstjóraembættið

(Guðfinna Þórisdóttir hdl.)

Dómari: Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari

þE/san

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 13. febrúar 2009 í mál nr. Y-12/2007:

Helgason og Co ehf.

gegn

Tollstjóraembættinu

Mál þetta barst dóminum 20. ágúst 2007 og var tekið til úrskurðar 13. janúar 2009. Það var endurupptekið og tekið til úrskurðar á ný 13. febrúar s.á.

Í málinu krefst sóknaraðili, Helgason og Co ehf. þess að aðfarargerð Sýslumannsins í Reykjavík, merkt sem aðfarargerð nr. 011-2007-08929, sem fram fór án árangurs hjá sóknaraðila 10. ágúst 2007, að kröfu tollstjóraembættisins í Reykjavík, verði felld úr gildi og að ógildingin verði látin taka til alls þess sem fjárnámið tók til, þ.e.a.s. umdeildrar skattfjárhæðar, dráttarvaxta og kostnaðar af gerðinni, þ.á m. aðfarargjalds í ríkissjóð. Þá er krafist inálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og fjárnámsgerð Sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-2007-08929, sem fram fór hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila þann 10. ágúst 2007, verði staðfest. Þá er krafist inálskostnaðar.

Til vara krefst varnaraðili þess að fjárnámsgerð Sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-2007-08929, sem fram fór hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila þann 10. ágúst 2007, verði staðfest en breytt á þann veg að hún verði til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 1.620.072, auk vaxta og kostnaðar. Þá er þess krafist að inálskostnaður falli niður.

I

Með kæru, dags. 14. mars 2007, skaut sóknaraðili til Yfirkattaneßndar úrskurði skattstjóra, dags. 13. febrúar 2007, um endurákvörðun opinberra gjalda sóknaraðila gjaldárin 2003, 2004 og 2005 og virðisaukaskatts sóknaraðila árin 2002, 2003 og 2004.

Hinn 10. ágúst 2007 gerði Sýslumaðurinn í Reykjavík árangurslaust fjárnám, að kröfu varnaraðila, hjá sóknaraðila, vegna kröfu um vangreidd opinber gjöld að fjárhæð samtals kr. 18.799.413. Krafan var sundurliðuð þannig: Höfuðstóll kr. 10.909.429, dráttarvextir reiknaðir til 25.04.2007 kr. 7.877.284 og aðfarargjald í ríkissjóð kr. 12.700.

Hluti af kröfu varnaraðila, eða kr. 17.179.341, byggðist á úrskurði skattstjórans í Reykjavík um endurákvörðun, dags. 13. febrúar 2007, sem sóknaraðili kærði með kærunni dags. 14. mars 2007. Hluti krófunnar, eða kr. 1.620.072, byggðist hins vegar

á hefðbundinni álagningu Skattstjórans í Reykjavík og snerti ekki kæru sóknaraðila til yfirskattanefndar.

Sóknaraðili skaut framangreindri aðfarargerð til héraðsdóms eftir reglum 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför til umfjöllunar um efnislegt réttmæti kröfu varnaraðila. Mál þetta var þingfest 14. september 2007 en ítrekað frestað með samkomulagi aðila meðan beðið var úrskurðar Yfirskattanefndar.

Með úrskurði Yfirskattanefndar í málinu nr. 269/2008 var hinn kærði úrskurður skattstjóra felldur úr gildi.

II

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að allir skattar og gjöld sem aðfarargerðin laut að hafi verið felld niður af Yfirskattanefnd eða séu að fullu greidd.

III

Varnaraðili byggir á að í 1. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt segi að áfrýjun skattaákvörðunar eða deila um skattskyldu fresti ekki eindaga tekjuskatts né leysi undan neinum viðurlögum sem séu við vangreiðslu hans. Samma gildi t.a.m. um vangreiddan virðisaukaskatt, sbr. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988. Í 1. mgr. 113. gr. komi einnig fram að víkja megi frá þessu ef sérstaklega standi á og sé það samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Í bréfi frá fjármálaráðuneytinu til sóknaraðila, dags. 9. ágúst 2007, komi fram að ágreiningur þessi sé ekki nægileg ástæða til að réttlæta beitingu heimildarákvæðis 113. gr. laganna. Varnaraðili sé undirstofnun fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá skuli á það bent að gæta beri jafnræðis aðila við úrlausn slikra mála í samræmi við 2. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, felli gjöld samkvæmt endurákvörðun Skattstjórans í Reykjavík í gjalddaga 10 dögum eftir að sóknaraðila var tilkynnt um hana. Þar sem krafan var ekki greidd á því tijnamarki bar innheimtumanni ríkissjóðs að rækja hlutverk sitt skv. lögum og hefja innheimtu á kröfunni.

Sá hluti kröfunar sem byggðist á hefðbundinni álagningu Skattstjórans í Reykjavík og snertir ekki kæru sóknaraðila til Yfirskattanefndar, og varakrafa varnaraðila byggist á er eftirfarandi:

AB 2006-00 Lagt á 1.11.2006 upphaflega að fjárhæð kr. 2.148.588 sem fíll í eindaga 31.12.2006. Eftirstöðvar kröfunar kr. 1.509.836 (kr. 1.497.136 auk kr. 12.700 í

aðfarargjald) voru sendar í fjárnám, sbr. aðfararbeiðni sem móttokin var 27. apríl hjá Sýslumanninum í Reykjavík.

FT 2005-00 Lagt á 15.1.2006 upphaflega að fjárhæð kr. 161.744 sem féll í eindaga 30.1.2006. Eftirstöðvar kröfunnar kr. 2.264 voru sendar í fjárnám, sbr. fyrnefndu aðfararbeiðni

SJ 2006-11

SJ 2006-12 Hvort tveggja lagt á 17.10.2007 í álagningarávinnslu lögaðila í framhaldi af innsendu launaframtíali. Eftirstöðvar kr. 54.487 og kr. 53.485 fóru í fjárnám, sbr. fyrnefndu aðfararbeiðni. Þar sem um endurákvörðun tryggjingargjalds var að ræða, skv. 14. gr. laga nr. 113/1990 voru dráttarvextir ákvarðaðir frá gjalddaga, sbr. 2. mgr. 13. gr. sömu laga, sbr. og ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Gjalddagar voru 1.12.2006 og 1.1.2007.

Ef aðfararbeiðni varnaraðila á hendur sóknaraðila hefði einungis byggst á ofangreindum gjöldum hefði heildarkrafa aðfararbeiðnar hljóðað upp á kr. 1.620.072, sem sundurliðast þannig að höfuðstóll hefði verið kr. 1.457.812, dráttarvextir kr. 149.560 og aðfarargjald í ríkissjóð kr. 12.700, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs og greiðslustöðuyfirlit gjaldanda.

Samkvæmt 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðförl má gera aðförl til fullnustu kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga. Kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi allar verið til staðar og ógreiddar á þeim tíma sem fjárnámið fór fram.

Í kjölfar fjárnámsins, sem fram fór þann 10. ágúst 2007, og til að koma í veg fyrir frekari innheimtuaðgerðir hafi fyrirsvarsmaður sóknaraðila komið til varnaraðila þann 21. ágúst 2007. Þann dag greiddi sóknaraðili eftirstöðvar AB 2006-00 og gerði greiðsluáætlun um aðrar kröfur. Á þeim tímapunktí hafi verið ljóst að ekki yrði krafist gjaldþrotaskipta á búi sóknaraðila svo framarlega sem sóknaraðili stæði við gerða greiðsluáætlun, sbr. skýran texta greiðsluáætlunar sem undirrituð hafi verið af báðum aðilum.

Með bréfi dags. 18. febrúar 2008 hafi sóknaraðila verið boðið að gera nýja greiðsluáætlun sem hann gerði þann 29. febrúar 2008. Þann dag hafi hann jafniframt greitt upp eftirstöðvar krafna varðandi FT 2005-00, SJ 2006-11 og SJ 2006-12. Sóknaraðili hafi í tvígang síðan endurnýjað greiðsluáætlunar, þ.e. 25. júní og 3. október 2008, sem sýni þann vilja sem varnaraðili hafði til að bíða með frekari innheimtuaðgerðir þar til niðurstaða Yfirskattanefndar lægi fyrir.

Eins og að ofan sé rakið séu aðgerðir varnaraðila vegna málს þessa í fullu samræmi við gildandi lög. Með hliðsjón af ofanrituðu og framlögðum gögnum sé ljóst að krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi verið til staðar og ógreidd er hin umþrætta aðfarargerð fór fram. Beri því að sýkna varnaraðila af kröfum sóknaraðila og staðfesta fjárnámsgerð nr. 011-2007-08929, sem Sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila, að kröfu varnaraðila, hinn 10. ágúst 2007.

Um lagarök vísar varnaraðili til tilvitnaðra ákvæða laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, ákvæða laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, ákvæða laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, ákvæða vaxtalaga nr. 38/2001, ákvæða laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs, ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ákvæða laga nr. 90/1989 um aðför, auk ákvæða laga nr. 91/1991.

Um málskostnaðarkröfu vísar varnaraðili til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

IV.

Hinn 10. ágúst 2007 fór fram fjárnám hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila og varð gerðin án árangurs.

Mál þetta er rekið samkvæmt 15. kafla laga nr. 90/1989, sem sjallar um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarar. Samkvæmt 95. gr. laganna á úrskurður dómara að kveða á um, hvort aðfarargerðin skuli staðfest, hún ógilt eða henni breytt.

Líta verður svo á, að i 92. gr. laga nr. 90/1989 felist heimild til að bera undir héraðsdómara öll atriði, sem varða aðfaragerð, sem lokið er, þar á meðal efnislegt réttmæti kröfu gerðarbeiðanda, enda hafi dómstóll ekki áður tekið afstöðu til þess, sbr. 95. gr. laganna.

Samkomulag varð með aðilum að fresta meðferð málს þessa, sem þingfest var 14. september 2007, meðan beðið væri úrskurðar Yfírskattanefndar.

Fyrir liggur að með úrskurði Yfírskattanefndar frá því 5. nóvember 2008 í málinu nr. 269/2008 var hinn kærði úrskurður skattstjóra, dags. 13. febrúar 2007, felldur úr gildi. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 30/1992 um yfírskattanefnd eru úrskurður nefndarinnar fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð.

Óumdeilt er að hluti af kröfu varnaraðila sem hin undeilda aðför var gerð vegna, eða kr. 17.179.341, byggði á téðum úrskurði Skattstjórans í Reykjavík. Hluti kröfunnar, eða kr. 1.620.072, byggði hins vegar á álagningu Skattstjórans í Reykjavík, sem ekki hefur verið mótmælt, og snerti ekki kæru sóknaraðila til Yfírskattanefndar.

Með því að aðfarargerðin, sem sóknaraðili krefst að felld verði úr gildi, varð árangurslaus, hefur það engin áhrif á gildi hennar þó að hluti kröfu varnaraðila hafi

verið felldur niður með úrskurði Yfískattanefndar. Sömuleiðis þykir það ekki hafa áhrif að sá hluti kröfunnar sem úrskurðurinn tók ekki til hafi síðar verið greiddur. Samkvæmt því verður hin umdeilda aðfarargerð staðfest.

Eslir atvikum þykir réit að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Aðfarargerð Sýslumannsins í Reykjavík nr. 011-2007-08929, sem fram fór hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila þann 10. ágúst 2007, er staðfest.

Málskostnaður fellur niður.



þorgerður Erlendsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur, 13. febrúar 2009
Gjald
Greitt: